



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 108  
Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2008

Tilvísun: UST20080300055/bs

### **Snjóflóðavörn við Hornbrekku í Ólafsfirði.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 6. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða gerð varnargarðs við Hornbrekku í Ólafsfirði. Aðflutt efni í garðinn er áætlað 86.000 m<sup>3</sup>, auk 17.000 m<sup>3</sup> af jarðvegi sem falla til í garðstæðinu.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að hluta á skíðasvæði sem þegar hefur verið raskað. Í garðinn verður nýttur útmokstur sem fellur til vegna gerðar Héðinsfjarðarganga. Engin ný efnistaka verður vegna framkvæmdarinnar. Garðurinn verður aðlagður að landi þannig að hann nýtist sem hluti skíðasvæðis en jafnframt verður leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkisins.

Efni í garðinn verður ekið í gegnum bæinn frá haugsvæði vestan Ólafsfjarðarvatns að framkvæmdasvæði við Hornbrekku. Til greina kom að leggja bráðabirgðaveg yfir Ólafsfjarðarvatn vegna efnisflutninga. Bjarni Jónsson fiskifræðingur upplýsti í samtali 17. mars sl. að vegagerð í Ólafsfjarðarvatni gæti haft neikvæð áhrif á lifríki vatnsins. Með því að falla frá lagningu bráðabirgðavegar telur Umhverfisstofnun að dregið sé verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á náttúruferlinum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson

Hjalti J Guðmundsson  
forstöðumaður